

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

590. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 16. mars 2009 kl.
10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Undirbúningur að endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2009.
2. Bréf Ágústs Oddssonar.
3. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi v/ Farfuglaheimilisins Ósum.
4. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi v/ Meleyrar ehf.
5. 17. júní hátíðarhöld.

Afgreiðslur:

1. Farið yfir atriði er snerta undirbúning að endurskoðun fjárhagáætlunar ársins 2009. Rætt við skrifstofustjóra og forstöðumann tæknideildar um tiltekin atriði er varða endurskoðun áætlunarinnar.
2. Lagt fram bréf Ágúst Oddssonar þar sem hann ítrekar áðurframkomnar athugasemdir sínar um fyrirhugaðar framkvæmdir á Hvammstangabraut sem m.a. er ætlað að draga úr hraðakstri. Samþykkt að vísa erindinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
3. Fram lagt bréf Sýslumannsins á Blönduósi þar sem hann óskar umsagnar vegna umsóknar Knúts A. Óskarssonar um endurnýjun rekstrarleyfis Farfuglaheimilisins að Ósum. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.
4. Fram lagt bréf Sýslumannsins á Blönduósi þar sem hann óskar umsagnar vegna umsóknar Arnar Gíslasonar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir gistiheimili að Brekkugötu 2, Hvammstanga. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.
5. Lagt fram bréf frá Kvenfélaginu Freyju þar sem þær óska eftir því að taka að sér umsjón og framkvæmd hátíðarhaldanna þann 17. júní nk. Byggðarráð felur íþrótta- og tómstundafulltrúa að ganga til samninga við félagið.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Samþykkt að fjárhæð frístundakorta árið 2009 verði kr. 16.500- skv. fjárhagsáætlun.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Katla R. Lindal
Audun Hjortsson
Hinnri Agnarsson

Áheyrnarfulltrúi:

Óddur Sigurðsson

Fundi slitið kl.

Svein Þorsteinsson